

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Er unnið markvisst eftir opinberri lýðheilsustefnu við umönnun aldraðra á hjúkrunarheimilum? Njóta þeir örvunar og hreyfingar við hæfi samkvæmt slíkri stefnu?
2. Er unnið markvisst eftir næringarleiðbeiningum embættis landlæknis þegar matur er útbúinn handa öldruðum á hjúkrunarheimilum og tryggt að hann sé fjölbreyttur?
3. Hefur hið opinbera eftirlit með því að framangreint sé gert á hjúkrunarheimilum, hvort sem þau eru á vegum ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka eða einkahlutafélaga?
4. Hversu oft undanfarin fjögur ár hefur embætti landlæknis gert úttekt á hjúkrunarheimilum til að hafa eftirlit með gæðum þeirra og öryggi veittrar þjónustu?
5. Hvert hefur hlutfall faglærðs og ófaglærðs starfsfólks á hjúkrunarheimilum verið undanfarin fjögur ár? Hver hefur starfsmannavelta verið á sama tíma? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

